

L Ö G

um breyting á umferðarlögum, nr. 40/1968, sbr. lög
nr. 55/1970 og lög nr. 30/1977.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Á eftir 2. málsg. 5. gr. laganna komi ný málsg., svohljóðandi:
Í þeim bifreiðum, sem búnar eru öryggisbeltum skv. þessari grein, skulu og
vera hnakkapúðar af viðurkenndri gerð á framsætum. Ákvæði þetta gildir um
bifreiðar sem fluttar eru til landsins eftir 1. jan. 1983.

2. gr.

60. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 30/1977, breytist sem hér segir:

a. 2. málsg. orðist svo:

Heimilt er að aka á reiðhjólum og leiða reiðhjól á gangstígum og gangstéttum, ef
það er ekki til hættu eða óþæginda fyrir aðra vegfarendur. Hjólreiðamenn, sem fara
eftir gangstígum eða gangstéttum, skulu ævinlega víkja og hliðra til fyrir gangandi
vegfarendum. Reglur um gangandi vegfarendur gilda að öðru leyti um þá sem leiða
reiðhjól.

b. 8. málsg. orðist svo:

Reglur greinar þessarar gilda einnig um létt bifhjól. Þó má ekki aka léttu bifhjólum
á gangstígum eða gangstéttum, eða flytja á því farþega. Ákvæði 4. mgr. 59. gr. gilda
og um öllum léttum bifhjólum.

3. gr.

Á eftir 64. gr. komi nýr liður og ný grein, svohljóðandi:

H. Um notkun öryggisbelta í bifreiðum.

64. gr. a.

Hver sá, er situr í framsæti bifreiðar, sem búin er öryggisbelti, skal nota það
við akstur á vegum. Eigi er skylt að nota öryggisbelti við akstur aftur á bak. Sama
gildir um akstur á bifreiðastæðum, við bensinstöðvar eða við svipaðar aðstæður.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá notkun öryggisbelta,
ef heilsufars- eða læknisfræðilegar ástæður eru taldar gera slíka undanþágu brýna.

Eigi er skylt að nota öryggisbelti í leigubifreiðum til mannflutninga. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá notkun öryggisbelta við annan sérstakan akstur, eða við erfið og hættuleg skilyrði utan þéttbýlis, svo sem í mikilli ófærð eða þar sem hættu getur verið á skriðuföllum eða snjóflóðum.

4. gr.

2. málsl. 3. málsgr. 67. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 30/1977, orðist svo:
Vanræksla á notkun öryggisbúnaðar, sbr. 4. mgr. 59. gr., 8. mgr. 60. gr. og 64. gr. a, leiðir þó ekki til lækkunar eða niðurfellingar fébóta.

5. gr.

83. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 55/1970, breytist sem hér segir:

a. 1. málsgr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra skipar 19 menn í Umferðarráð til þriggja ára í senn.

b. Á eftir „Fræðslumálastjórn“ í 2. málsgr. komi: Heilbrigðis- og trygginga-
málaráðuneyti.

c. Á eftir „Ökukennarafélag Íslands“ í 2. málsgr. komi: Öryrkjabandalag Íslands.

6. gr.

Ákvæði 2.—4. gr. koma til framkvæmda 1. okt. 1981. Eigi skal þó refsa fyrir brot gegn 3. gr. fyrir en lokið er þeirri heildarendurskoðun umferðarlaga sem hófst í september 1980.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 29. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðjón Þórðarson.

L Ö G

um vitamál.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI**Yfirstjórn.**

1. gr.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn vitamála.

2. gr.

Vitastofnun Íslands hefur með höndum framkvæmd vitamála, svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Vitamálastjóri veitir Vitastofnun Íslands forstöðu. Hann er skipaður af forseta Íslands, en gegnir jafnframt starfi hafnamálastjóra.

Ráðherra ræður annað starfslíð Vitastofnunar.

Við Vitastofnun skal starfa skipstjórnarmenntaður maður, ráðinn að fenginni umsögn Vitaneftdar. Hann skal m. a. annast eftirlit vitakerfisins.